

## Greiðslujöfnuður við útlönd og erlend staða þjóðarbúsins á fyrri helmingi ársins 2006

Í dag birtast á heimasíðu bankans yfirlit yfir greiðslujöfnuð á fyrri árhelmingi 2006 og stöðu þjóðarbúsins gagnvart útlöndum í lok júní sl<sup>1</sup>.

Viðskiptajöfnuður var óhagstæður um 65,4 ma.kr. á öðrum fjórðungi ársins. Á fyrri árhelmingi nam viðskiptahallinn 123,6 ma.kr. samanborið við 62,3 ma.kr. árið áður. Halli var á öllum liðum viðskiptajafnaðar, vöru, þjónustu, þáttatekna og rekstrarframlaga.

Hreint fjárinnstreymi mældist 193,2 ma.kr. á fyrri hluta ársins. Í heild nam skuldaaukningin 576 ma.kr. en erlendar fjárfestingar voru 389 ma.kr. Þær skiptast í beina fjárfestingu, verðbréfakaup og aðrar fjárfestingar svo sem innstæður, lán ofl. Gjaldeyrisforðinn minnkaði um 7,7 ma.kr. á fyrstu sex mánuðum ársins og nam 76,8 ma.kr. í lok júní sl.

### *Greiðslujöfnuður við útlönd í milljörðum króna*

	<i>Apríl - júní</i>		<i>Janúar - júní</i>	
	<i>2005</i>	<i>2006</i>	<i>2005</i>	<i>2006</i>
<b>Viðskiptajöfnuður</b>	<b>-32,4</b>	<b>-65,4</b>	<b>-62,3</b>	<b>-123,6</b>
Útflutningur vöru og þjónustu	88,0	96,1	160,6	169,3
Innflutningur vöru og þjónustu	-115,2	-146,8	-209,8	-266,6
Þáttatekjur og framlög, nettó	-5,2	-14,6	-13,2	-26,3
<b>Fjármagnsjöfnuður</b>	<b>-17,6</b>	<b>122,9</b>	<b>100,5</b>	<b>193,2</b>
Hreyfingar án forða	-16,9	112,0	98,0	186,5
Erlendar eignir, nettó	-463,1	-81,8	-573,6	-389,3
Erlendar skuldir, nettó	446,2	193,9	671,7	575,8
Gjaldeyrisforði (- aukning)	-0,2	11,4	3,4	7,7
Skekkiur og vantalið, nettó	50,0	-57,5	-38,2	-69,6

Hrein staða við útlönd var neikvæð um 1.297 ma. kr. í lok júní 2006 sem svarar til um 107% áætlaðrar landsframleiðslu (VLF) ársins. Erlendar eignir voru um 3.446 ma.kr. en skuldastaðan var 4.743 ma.kr. Erlendar skuldir án áhættufjármagns (e. debt) námu 346% af VLF í lok júní.

<sup>1</sup> Sjá hagtölur á <http://www.sedlabanki.is>

Framvegis mun greiðslujöfnuður við útlönd og erlend staða þjóðarbúsins einungis birtast með öðrum hagtölum Seðlabankans á heimasíðu hans samkvæmt birtingaráætlun þeirra. Ekki verða gefnar út sérstakar fréttir af því tilefni.

Nánari upplýsingar veitir Jakob Gunnarsson deildarstjóri á tölfræðisviði Seðlabankans í síma 569-9600.